



## **FORVARNADAGURINN Í FRAMHALDSSKÓLUM**

### **LEIÐBEININGAR til skólameistara og tengiliða í framhaldsskólum vegna Forvarnadagsins**

Miðað er við að hver framhaldsskóli noti um klukkustund í umræðu og hópavinnu tengda forvörnum. Verkefnið er fyrir fyrsta árs nemendur en auðvitað með undantekningum ef þurfa þykir.

Verkefnið þarf að vinna í hópavinnu. Hjálpargögn til skólanna eru:

- a) Leiðbeiningar (þetta blað)
- b) Texti um þróun vímuefnaneyslu ungmenna á Íslandi undanfarin 15 ár
- c) Glærुकyning (með viðbótartexta fyrir kennara í Notes page)
- d) Þar sem flestir hafa tölvur eða ípad eru svörin unnin beint á tækin
- e) Kynning á stuttmyndleik er kynnt eftir að svörum hefur verið skilað

### **SKIPULAG KENNSLUSTUNDAR INNAN HVERS SKÓLA:**

5 – 10 mín: LESIÐ EFNI (verður sent framhaldsskólum viku fyrir Forvarnadaginn)

Kennari/skólastjórnandi les upp efni um þróun vímuefnaneyslu ungmenna á Íslandi undanfarin 15 ár, hvernig staðan hefur breyst meðal efstu nemenda grunnskóla og hvaða breytingar verða á fyrsta ári í framhaldsskóla.

Kynningin kemur frá Rannsóknnum & greiningu og má nota óbreytta eða til stuðnings.

5 – 10 mín: SÝNT EFNI Á GLÆRUM

Glærur sýndar með eftirfarandi efni. Texti fyrir kennara fylgir með til upplestrar í Notes Pages á hverri glæru.

- Glæra 1. Titilglæra viðkomandi skóla.
- Glæra 2. Markmið með verkefninu.
- Glæra 3. Lægri vímuefnaneysla meðal nemenda í grunnskólum 1997 – 2018.
- Glæra 4. Breyting á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk og 16 ára nemenda á fyrstu mánuðum í framhaldsskóla á Íslandi. Daglegar reykingar, ölvun sl. 30 daga, hass um ævina og marjúána um ævina.
- Glæra 5. Breytingu á vímuefnaneyslu milli nemenda í 10. bekk og 16 og 17 ára nemenda eftir rúmlega eitt ár í framhaldsskóla.
- Glæra 6. Ölvunardrykkja 16 og 17 ára nemenda í viðkomandi skóla með samanburði við landsmeðaltal, kynjaskipt.
- Glæra 7. Ölvunardrykkja 16 – 19 ára nemenda í hverjum og einum framhaldsskóla landsins með stöðu viðkomandi skóla til samanburðar

- Glæra 8. Milliglæra
- Glæra 9. Umræðupunktur nemenda MIKILVÆGT FYRIR NÆSTA LIÐ: Nemendum er skipt í hópa og hver hópur skipar ritara sem skrifar niður niðurstöður hópsins og heldur þeim til haga. 5 – 10 mín: Kennari spjallar við nemendur í lok glærुकynningar og óskar eftir því að nemendur ræði í hópunum sínar hugmyndir um forvarnir og hvað megi gera til að draga úr áfengisneyslu ungs fólks í framhaldsskólum.

#### **Til umhugsunar og umræðu eru eftirfarandi spurningar:**

1. Hvað teljið þið að valdi aukningu á ölvunardrykkju meðal nemenda á fyrsta ári í framhaldsskóla eins og raun ber vitni?
2. Takið þið á einhverjum tímamarki ákvörðun um hvenær þið ætlið eða ætlið ekki að hefja áfengisdrykkju og þá hvers vegna?
3. Hvað myndi hjálpa ykkur að seinka því hefja áfengisdrykkju og standa við þá ákvörðun?

MIKILVÆGT FYRIR NÆSTA LIÐ: Vera með útprentað spurningablað fyrir hvern og einn hóp 20 – 30 mín. Umræður í 4-5 einstaklinga hópum, tillögur nemenda og skráning niðurstaðna: a) Umræður meðal nemenda í ca 4-5 manna hópum um spurningarnar hér að ofan. b) Nemendur skipa ritara og skrá svör sín og senda þau á [forvarnardagur@landlaeknir.is](mailto:forvarnardagur@landlaeknir.is)

#### **Stuttmyndakeppni**

**Myndband** - um stuttmyndakeppnina sem framleitt hefur verið í tilefni dagsins. Nemendur vinna svo að því að senda inn stuttmynd í sínum frítíma sem var kynnt eftir leiðbeiningum (sem fylgja með í pakknum) og senda það inn á youtube.com og senda hlekkinn á [forvarnardagur@landlaeknir](mailto:forvarnardagur@landlaeknir.is) merkt „Stuttmyndakeppni“. Unnt verður að skila inn lausnum til miðnættis 6. nóvember nk. Síðar verður valið úr þeim myndböndum sem berast og haft samband við vinningshafa. Afhending verðlaunanna fara fram á Bessastöðum úr hendi forseta Íslands. Myndbandið tekur um 5 mínútur í sýningu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga eru vinsamlega beðnir að senda póst á [sh@landlaeknir.is](mailto:sh@landlaeknir.is)

#### **Kær kveðja,**

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir,  
sh@landlaeknir.is  
Verkefnisstjóri  
Embætti landlæknis

**Forvarnardagurinn 2019.**